

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík 3. janúar 2019
UST201812-085/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 - Sandskarð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar aðalskipulags á lóðinni Sandskarð á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Breytingartillagan gengur út á að eigendur lóðarinna Sandskarð hafa óskað eftir því að lóðin verði skilgreind sem íbúðarbyggð, en hún er skilgreind sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi. Auk þess kemur fram að gert verður ráð fyrir nokkuð sambærilegri byggð og nú þegar er við Vesturbrún (ÍB3) og þar með myndast samfella blandaðar íbúðarbyggðar einbýlishúsa og raðhúsa á 1 hæð.

Ný íbúðarsvæði í þéttbýli

Í greinargerð kemur fram í kaflanum um forsendur að fólksfjölgun í sveitarféluginu hefur verið stöðug á undanförnum árartugum og náð hámarki árið 2016, en hinsvegar hefur orðið fólksfækkun árið 2017. Ekki kemur fram í tillögunni hvort fólksfjölgun hefur orðið á Flúðum, þrátt fyrir að fólk fari fækandi í sveitarféluginu í heild, sem gefur tilefni til að fjölga íbúðarsvæðum í sveitarféluginu. Á upprætti gildandi aðalskipulags kemur fram að á Flúðum eru nú þegar óbyggð íbúðarsvæði sem nefnast ÍB7 og ÍB8.


Í kafla 3.2.1 í Landskipulagsstefnu er fjallað um vöxt þéttbýlisstaða og þar segir: *Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.*

Svæðið sem er hér til umfjöllunar er innan þéttbýlis Flúða. Það er hinsvegar mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að byggja á þeim svæðum sem nú þegar eru skilgreind sem íbúðarsvæði í þéttbýlinu, þetta byggð og forðast útþenslu byggðar í samræmi við kafla 3.2.1 í Landskipulagsstefnu.

Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að kafli 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum komi fram í forsendukafla tillögunar, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifþýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“


Ferðapjónusta

Í greinargerð er vitnað í kafla 2.4.1 í Landsskipulagsstefnu sem nefnist „*Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða*“. Að mati Umhverfistofnunar á þessi kafli ekki við í lýsingu miðað við ofangreindar upplýsingar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfallst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur